

Breytingarnar ná til 37 ha svæðis sem afmarkast af Vatnsendavegi og byggð við Fagrahvarf, Elliðahvamsvegi, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð og hesthúsahverfinu í Heimsenda og fyrirhugaðri byggð við Vinda- og Vallakór og eru eftirfarandi:

- Lega fyrirhugaðrar tengibrautar (Þingmannaleið) breytist og gert er ráð fyrir nýrri göngubrú eða undirgöngum undir þann veg.
- Fyrirhuguð íbúðarsvæði stækka til norðurs og vesturs og koma í stað opinna svæða en um miðbik svæðisins er gert ráð fyrir opnum svæðum í stað íbúðarsvæðis.
- Svæði fyrir þjónustustofnanir (leikskóla, íbúðir, hjúkrunarheimili, öryggisíbúðir og þjónustumiðstöð fyrir aldraða) færast til suðurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Hverahvammur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að svæði sem nefnist Hverahvammur og liggur að Varmá milli Hverhamars og Álfahvams breytist úr íbúðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Kletthlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að svæði ofan við Klettahlíð og vestan við Breiðumörk sem skilgreint er sem fbúðarsvæði breytist í svæði með blandaðri landnotkun (stofnana- og athafnasvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. maí 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulagi við Heiðardal, Miðdal, Lyngdal og Leirdal í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 11. maí 2005 samþykkt deiliskipulag við Heiðardal, Miðdal, Lyngdal og Leirdal í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 19. maí 2005.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.